

Fjarðabyggð
Aron Leví Beck
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 16. janúar 2024
UST202312-131/A.B.
10.05.00

Efni: Umsögn - Umsókn um framkvæmdaleyfi- efnislosunar og landmótunar á nokkrum stöðum á Fáskrúðsfirði - Fjarðarbyggð

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfisfulltrúa í Fjarðarbyggð er barst 13. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um framkvæmdarleyfi til að efnislosunar og landmótunar á nokkrum stöðum á Fáskrúðsfirði.

Í greinargerð kemur fram fyrirhugað er að keyra efni sem til fellur á Fáskrúðsfirði á eftirtalda staði á næstu fimm árum. Í mön austan við hesthúsahverfi. Við Vattarnesveg frá Hjallalæk út undir fyllingu við smábátahöfn á um 5 m breiðu svæði frá vegi. Gert verður ráð fyrir göngustíg. Vestan og sunnan við tjaldsvæði. Sunnan aðkomuleiðar að tjaldsvæði, frá tjaldsvæði að Grímseyri 10. Gert verður ráð fyrir göngustíg. Gil vestan sundlaugar við Skólaveg 39. Auk þess segir að öll svæðin verða sléttuð og þökulögð eða sáð í með grasfræi.

Leirur

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið við Vattarnesveg eru leirur sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið við gerð framkvæmdarleyfis og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, að það komi fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun votlendinu og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufernbærni sem verða fyrir röskun.

Varp í hafið

Varðandi landfyllinguna, þá vill Umhverfisstofnun benda á að ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf varðandi varps efnis í hafið, en samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Efnislosun og landmótun

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að orðið landmótun er ekki skilgreint í umhverfislöggjöfinni, það er þó notað í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um frágang lóða og efnistökusvæða þ.e. um mótun á yfirborði lands en ekki eins og það hefur verið notað í umhverfismálum hingað til, sem einskonar urðunarstaður.

Umhverfisstofnun mælir því með því að notkun orðsins *landmótun* sé hætt og að hugtökin urðun eða fylling séu eingöngu notuð.

Fylling

Fylling er það hugtak sem nota skal fyrir staði eða svæði þar sem jarðvegur eða efni sem annars væri flokkaður sem úrgangur er notaður í stað nýs efnis við fyllingar á t.d. graftarsvæðum, við tæknilega „landmótun“ (e. landscaping), þ.e. mótun á yfirborði lands, eða manir (ef þörf er á mönum en ekki sem leið til að losa sig við úrgang). Í fyllingar er notaður úrgangur til endurnýtingar sem notandinn er ekki að losa sig við. Fylling skal ávalt vera í samræmi við skipulag og skal uppfylla allar kröfur að neðan (1-3).

Kröfur sem þarf að uppfylla svo að aðgerðin teljist fylling:

1. Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er í fyllingar þarf að koma í staðinn fyrir efni (sem ekki er úrgangur) sem annars væri keypt fyrir framkvæmdina, t.d. úr námu.
2. Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er má einungis vera í því magni sem þarf fyrir framkvæmdina.
3. Úrgangur til endurnýtingar sem notaður er í fyllingu skal henta í fyrirhugaða framkvæmd.

Fyllingum er hægt að skipta upp í tvo flokka. Starfsleyfis skyldar og ekki starfsleyfis skyldar fyllingar.

Fylling án starfsleyfis

Í fyllingu án starfsleyfis er einungis heimilt að nota jarðveg og steina (17 05 04 sbr. reglugerð nr. 1040/2016) og ómengi dýpkunarefni (17 05 06 sbr. reglugerð nr. 1040/2016) eins og t.d. efni úr námum eða áður ónotað efni. Einnig má hylja fyllinguna, þ.e. móta yfirborðið, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með mold. Ekki er leyfilegt að losa annarskonar úrgang eða efni í fyllingar án starfsleyfis, þ.m.t. óvirkan úrgang.

Fylling með starfsleyfi

Í fyllingu með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu (starfsleyfis skylda sem endurnýting úrgangs, skv. 19. tl. IV. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir) má, þegar við á, nota þann úrgang sem talin eru upp í kaflanum að neðan svo fremi að um úrgang til endurnýtingar sé að ræða og ekki leið til að losa sig við úrgang (sjá skilgreiningu um það hvenær jarðvegur er úrgangur að neðan) og með þeim forsendum að úrgangurinn mengi ekki fyllingarsvæðið eða auki mengun á, í eða við fyllingarsvæðið.

Úrgangur sem leyfilegt er að nota í fyllingar með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirlitinu:

- Jarðvegur
- Sandur
- Steinar
- Uppgröftur
- Mulið berg
- Uppfræst malbik (þó einungis undir malbikuð/steypt pön og vegi)
- Dýpkunarefni
- Aska

- Slagg
- Steypubrot (án járnabindingar)

Úrgangurinn sem nýttur er í þessum tilgangi skal ávallt henta í fyrirhugaða notkun, bæði hvað varðar eðlis- og efnafræðilega eiginleika.

Hvenær er jarðvegur úrgangur?

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að taka tillit til efnasamsetningar jarðvegsins, en það eitt og sér er ekki grundvöllur fyrir ákvörðuninni á því hvort um úrgang sé að ræða.

Úrgangur er skilgreindur sem hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við. Þegar um mengaðan jarðveg eða spilliefni er að ræða þarf handhafi að losa sig við hann og er því um úrgang að ræða.

Hvenær er verið að endurnýtja úrgang?

1. Ef eigandinn er ekki að losa sig við jarðveginn heldur koma honum í áframhaldandi nýtingu í beinu framhaldi eða innan raunhæfs tímaramma er um efni að ræða.
2. Ef jarðvegurinn er hentugur í fyrirhugaða framkvæmd með tillit til umhverfislegra, heilsufarslegra og tæknilegra þátta.

Ef eigandi úrgangsins getur sýnt fram á 1 og 2 er um endurnýtingu að ræða.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri